

Reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fiskveiðiárið 2006/2007.

Fiskiskip sem fá úthlutað skv. þessum reglum skulu hafa verið með aflaheimildir þann 1. maí 2007. Undanþegin því eru skip sem fá úthlutað nýsköpunarkvóta sbr. 7. grein. Þeim sem fá úthlutað aflaheimildum á grundvelli þessara reglna er skylt að landa tvöföldu því magni sem þeir fá úthlutað, til fullvinnslu í sveitarfélaginu fyrir lok þessa fiskveiðiárs, umsóknin telst yfirlýsing um að þeir muni gera það.

1. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Ísafjarðarbæjar í síðasta lagi 00. júní 2007. Einnig má skila umsókn á netfangið thorleifur@isafjordur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eða á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is
2. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskvinnslu í sveitarfélaginu um landaðan afla til vinnslu á tímabilinu 1. maí 2006 – 1. maí 2007. Einnig skal fylgja staðfesting frá fiskvinnslu, sem sýni að uppfyllt hafi verið skilyrði um löndun til fiskvinnslu í sveitarfélaginu á fiskveiðiárinu 2005/2006, hafi viðkomandi fiskiskip fengið úthlutun byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2006/2007. **Nægjanlegt er að skip hafi landað afla sínum til vinnslu í einhverju byggðarlagi sveitarfélagsins. Fiskiskip sem ekki geta fært sönnur á að hafa staðið við slík skilyrði, koma ekki til greina við úthlutun.**
3. Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Ísafjarðar vegna skel- og rækjuveiðibáta, samtals 137 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta, þannig að 50 þorskígildislestir komi í hlut skeljabáta og 87 þorskígildislestir komi í hlut rækjubáta., samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipting milli skeljabáta verði að jöfnu, en skipti milli einstakra rækjubáta verði í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra í rækju þann 1. maí s.l., samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu. Bátar sem fá úthlutað skel- og rækjubótum nú samkvæmt ofanskráðu, geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiári.
4. Úthlutað skal til umsækjenda í sama hlutfalli og afli þeirra fór til vinnslu í Ísafjarðarbæ. Fyrir hvern bát skal þetta hlutfall vera aflamagn landað til vinnslu á móti aflamagni bátsins lönduðu í Ísafjarðarbæ. Þetta hlutfall kallast hér eftir vinnsluhlutfall. Þau skip sem sækja um nýsköpunarkvóta fá þó ekki úthlutað með þessum hætti.
5. Fyrst skal úthlutað lágmarkskvótum Þingeyrar, Suðureyrar og Hnífsdals. **Vinnsluhlutfall skal lagt saman fyrir öll fiskiskip sem sóttu um úr hverju byggðarlagi. Fyrir fiskiskipin sem til greina koma, skal margfalda vinnsluhlutfall með margfaldara sem telur 1 fyrir hver 50 hafin tonn, sem fiskiskip landaði til vinnslu á viðmiðunartímabilinu, margfaldarinn skal þó ekki verða hærri en 10. Kvóti deilt með summu þannig margfaldaðra vinnsluhlutfalla kallast hér eftir kvótahlutur. Hvert skip skal fá úthlutað margfeldi síns vinnsluhlutfalls, ofangreinds margfaldara og kvótahlutar síns byggðarlags.**

6. Jöfnunarkvóta Ísafjarðarbæjar skal deilt út til allra umsækjenda úr sveitarfélaginu, annarra en sem um ræðir í 7. grein, með eftirfarandi hætti. **Reiknaður skal kvótahlutur fyrir öll fiskiskip sem sóttu um úr Ísafjarðarbæ með sama hætti og tilgreindur er í 5. grein. Skip úr byggðarlögum sem hafa þannig hærri kvótahlut skv. 5. grein en Ísafjarðarbær hefur skv. þessari grein, skulu ekki fá úthlutað skv. þessari grein. Fyrir öll önnur fiskiskip í Ísafjarðarbæ skal nú reiknaður nýr leiðréttur kvótahlutur, með sama hætti og fyrr greinir, og hvert skip skal fá úthlutað, úr potti jöfnunarkvóta sveitarfélagsins, margfeldi síns vinnsluhlutfalls, margfaldara og leiðréttis kvótahlutar, að frádregnum þeim heimildum sem skipin kunna að hafa fengið úthlutað skv. 5. grein.**
7. Þeim 20 þorskígildistönnum, sem renna til nýsköpunarverkefna í Ísafjarðarbæ, skal deilt jafnt niður á þau fiskiskip sem til greina koma, **þó skal notast við margfaldara sem telur 1 fyrir hver 50 brúttótonn sem fiskiskip byrjar að fylla.** Ekkert fiskiskip skal skv. þessari grein fá úthlutað meiru en 5 tonnum. Fiskiskipum, sem fá úthlutað skv. þessari grein, er skylt að landa til vinnslu sbr. 5 gr. reglugerðar nr. 439 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa og skal þeim ekki úthlutaður byggðarkvóta skv. öðrum greinum þessara reglna. Nýsköpunarverkefni skulu hafa verið farin af stað þann 1. maí 2007 og skal umsókn fylgja lýsing á þeim. Við mat á því hvað teljist til nýsköpunarverkefna skal bæjarráð/bæjarstjórn fjalla sérstaklega um hverja umsókn fyrir sig.
8. Við verðlagningu afla skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landssvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða.
9. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu sína.
10. Hvað önnur atriði er málið kann að varða er vísað til reglugerðar nr. 439 er sett var af sjávarútvegsráðuneyti þann 16. maí 2007 og til laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Tillaga að skiptingu byggðakvóta í Ísafjarðarbæ fiskveiðiárið 2006/2007.

Á kvótaárinu 2006/2007 var Ísafjarðarbæ úthlutað byggðakvóta alls 454 þorskígildislestum samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytis dagsettu 21. maí sl. Í því bréfi var aflaheimildum sérstaklega úthlutað ákveðnum byggðarlögum, en jafnframt var úthlutun á Ísafjarðarbæ í heild. Úthlutanir voru sem hér segir.

Ísafjarðarbær	193	þorskígildislestir	
Hnífsdalur	22	"	
Þingeyri	87	"	
Suðureyri	15	"	
Ísafjörður	137	"	(skel- og rækjubætur)

Sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest að úthlutun á 137 þorskígildislestum til Ísafjarðar er vegna samdráttar í vinnslu á rækju og skel veiddri hér við land, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 440, 16. maí 2007.

Miðað við ofangreinda sundurliðun er eftir að ráðstafa til byggðarlaga, 193 þorskígildislestum, sem komu í hlut Ísafjarðarbæjar.

Lagt er til að um 10% af þessum 193 tonnum, eða 20 tonn, renni til nýsköpunarverkefna, og kallast þær heimildir í nýsköpunarkvóti í úthlutunarreglunum. Þau 173 tonn sem þá eru eftir, skulu notuð til að jafna úthlutun í Ísafjarðarbæ og kallast í úthlutunarreglunum jöfnunarkvóti. Það sem ekki næst að úthluta til nýsköpunarverkefna af nýsköpunarkvóta, skal renna til þeirra sem fá úthlutað af jöfnunarkvótanum, sem hlutfallsleg viðbót.

Sundurliðun til ráðstöfunar/úthlutunar á byggðarlög væri þá sem hér segir.

Ísafjörður, skel- og rækjubátar.	137	þorskígildislest.	
Hnífsdalur.	22	"	
Suðureyri.	15	"	
Þingeyri.	87	"	
Jöfnunarkvóti.	173	"	
<u>Nýsköpunarverkefni í sveitarfélaginu</u>	<u>20</u>	<u>"</u>	
<u>Úthlutað alls í sveitarfélaginu</u>	<u>454</u>	<u>"</u>	

Settar verði sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta til einstakra skipa/báta, að teknu tilliti til reglugerða nr. 439 og 440, er settar voru þann 16. maí 2007 af sjávarútvegsráðuneytinu.

Heimildir	Til skipta	Kv.hlutur	Kv.hlutur 2	Lokaskipting	
Ísafjarðarbær	193	173.700 kíló	1.628	1.849	193,0 tonn
Hnífsdalur	22 tonn	22.000 kíló	1.222,22	1.849	55,3 tonn
Ísafjörður	0 tonn	0 kíló		1.849	41,6 tonn
Flateyri	0 tonn	0 kíló		1.849	51,2 tonn
Suðureyri	15 tonn	15.000 kíló	582,75	1.849	62,6 tonn
Pingeyri	87 tonn	87.000 kíló	6.802,19	0,00	87,0 tonn

MAX margfaldari 10
50

Skip	Lönduð Leiðr.			Úthl. 1	Úthl. 2	Alls úthlutun 2007	Vinnslu- hlutfall		
	Skip	tonn	vægi						
Hnífsdalur	1	1000	10	9,00	11.000	16.645	27.645	90,000%	9
Hnífsdalur	2	4000	10	9,00	11.000	16.645	27.645	90,000%	9
							1.800		
Ísafjörður	1	1000	10	10,00	0	18.494	18.494	100,000%	10
Ísafjörður	2	20	1	0,20	0	370	370	20,000%	0,2
Ísafjörður	3	200	4	2,20	0	4.069	4.069	55,000%	2,2
Ísafjörður	4	450	9	9,00	0	16.645	16.645	100,000%	9
Ísafjörður	5	30	1	0,80	0	1.480	1.480	80,000%	0,8
Ísafjörður	6	10	1	0,12	0	222	222	12,000%	0,12
Ísafjörður	7	47	1	0,17	0	314	314	17,000%	0,17
							3.840		
Flateyri	1	30	1	0,13	0	240	240	13,000%	0,13
Flateyri	2	1000	10	0,40	0	740	740	4,000%	0,4
Flateyri	3	47	1	0,55	0	1.017	1.017	55,000%	0,55
Flateyri	4	1200	10	7,60	0	14.056	14.056	76,000%	7,6
Flateyri	5	49	1	0,00	0	0	0	0,000%	0
Flateyri	6	20	1	1,00	0	1.849	1.849	100,000%	1
Flateyri	7	1000	10	10,00	0	18.494	18.494	100,000%	10
Flateyri	8	450	9	8,01	0	14.814	14.814	89,000%	8,01
							4.370		
Suðureyri	1	1000	10	2,30	1.340	4.254	5.594	23,000%	2,3
Suðureyri	2	10	1	0,45	262	832	1.094	45,000%	0,45
Suðureyri	3	1000	10	7,60	4.429	14.056	18.485	76,000%	7,6
Suðureyri	4	30	1	0,87	507	1.609	2.116	87,000%	0,87
Suðureyri	5	49	1	0,77	449	1.424	1.873	77,000%	0,77
Suðureyri	6	300	6	5,40	3.147	9.987	13.134	90,000%	5,4
Suðureyri	7	1000	10	0,00	0	0	0	0,000%	0
Suðureyri	8	50	1	0,55	321	1.017	1.338	55,000%	0,55
Suðureyri	9	70	2	0,20	117	370	486	10,000%	0,2
Suðureyri	10	99	2	2,00	1.166	3.699	4.864	100,000%	2
Suðureyri	11	180	4	4,00	2.331	7.398	9.729	100,000%	4
Suðureyri	12	60	2	1,60	932	2.959	3.892	80,000%	1,6
							7.430		
Pingeyri	1	30	1	0,10	680	0	680	10,000%	0
Pingeyri	2	10	1	0,00	0	0	0	0,000%	0
Pingeyri	3	47	1	0,20	1.360	0	1.360	20,000%	0
Pingeyri	4	30	1	0,40	2.721	0	2.721	40,000%	0
Pingeyri	5	49	1	1,00	6.802	0	6.802	100,000%	0
Pingeyri	6	300	6	6,00	40.813	0	40.813	100,000%	0
Pingeyri	7	120	3	2,55	17.346	0	17.346	85,000%	0
Pingeyri	8	50	1	0,50	3.401	0	3.401	50,000%	0
Pingeyri	9	70	2	1,80	12.244	0	12.244	90,000%	0
Pingeyri	10	99	2	0,24	1.633	0	1.633	12,000%	0
Pingeyri	11	180	4	0,00	0	0	0	0,000%	0
		985		106,71			297.700	5,070	93,92
							19.300		
							137.000		
							454.000		